

d. 72. gr. *Hlífðarhjálmur*

1. málsgrein orðist þannig:

1. mgr. Viðurkenndur hlífðarhjálmur ekki notaður.

5.000

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum sbr. lög nr. 84/2004 um breytingu á umferðarlögum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 14. október 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

sveitarstjórnar um samþykkt á deiliskipulagi við Akurgerði, Stóru-Vogaskóla og Vogatjörn í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps þann 9. nóvember 2004 samþykkt deiliskipulag við Akurgerði, Stóru-Vogaskóla og Vogatjörn í Vogum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vogum, 20. nóvember 2004.

F.h. sveitarstjórnar,

Jóhanna Reynisdóttir sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Flúða.

1. *Almennt.*

Verðskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Hitaveitu Flúða

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur um virðisaukaskatt á hverjum tíma.

Virðisaukaskattur á heitu vatni til húshitunar og sundlaugar er 14% en 24,5% til annarra nota.

2. *Varmaorka.*

Fast gjald er háð afköstum rennismælis en óháð töxtum að öðru leyti.

<i>Fast gjald á mæli</i>	<i>kr./dag</i>	<i>14% vsk</i>
Mælastærð DN 15	23	25,91
Mælastærð DN 20	31	35,33
Mælastærð DN 25	37	42,39
Mælastærð DN 32	46	53,00
Mælastærð DN 40	52	58,88
Mælastærð DN 50	93	105,99

Fasta gjaldinu er dreift niður á tímabil reikninga.

2.2 *Rúmmetragjald.*

Varmaorka er afhent í formi heits vatns sem selt er samkvæmt rúmmetra mælingu. Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorku og/eða lækun á hita vatnsins.

H 1. *Almenn heitavatsnotkun.*

Taxtinn gildir fyrir upphitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslu.

<i>Sala um mæli</i>	<i>kr./m³</i>	<i>14% vsk</i>
Rúmmetragjald skv. mælingu	49,19	56,08

H 2.

Taxtinn gildir fyrir iðnaðarfyrirtæki og landbúnað.

Atvinnufyrirtæki til framleiðslu	36,90	42,06
----------------------------------	-------	-------

H 3.

Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir.

Garðyrkja	13,43	15,31
-----------	-------	-------

H 4. *Heimæðagjöld.*

Heimæðagjöld skiptast eftir málstærð heimtaugar.

<i>Heimæðagjöld – Almenn</i>	<i>kr.</i>	<i>14% vsk</i>
Málstærð DN 20 mm	112.597	128.361
Málstærð DN 25 mm	135.675	154.670
Málstærð DN 32 mm	203.747	232.272
Málstærð DN 40 mm	406.769	463.717
Málstærð DN 50 mm	675.471	770.037

Heimæðagjöld fyrir stærri inntök en 50 mm skal reikna sérstaklega.

Gjald fyrir hvern lengdarmetra í heimæð, umfram 50 m er 1% af heimæðagjaldi.

Heimæðagjöld á svæðum þar sem ekki er hitaveita fyrir skal reikna sérstaklega.

<i>Heimæðagjöld - Sumarhús</i>	<i>kr.</i>	<i>14% vsk</i>
20 mm	299.810	341.783
25 mm	516.402	588.698

Heimæðagjöld fyrir lengri heimæðar en 50 m skal reikna sérstaklega.

Heimæðagjöld á svæðum þar sem ekki er hitaveita fyrir skal reikna sérstaklega.

3. Önnur gjöld og ákvæði.
- | | |
|--|--------------------------------------|
| Gjald fyrir aukaálestur hjá notenda | 1.170 kr. |
| Seðilgjald | 245 kr. |
| Lokunargjald | 2.340 kr. |
| Við stækkun húsnæðis í garðyrkju (byggt 2004 og eldra) sem fylgdi eldri gjaldskrá, greiðist | kr. 109 fyrir hvern m ³ . |
| Þeir sem taka vatn gegnum gróðurhús til upphitunnar á þökkunar- og geymsluhúsnæði, skulu greiða fast mánaðargjald sem hér segir: | kr. 15 fyrir hvern m ³ |

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hrunamannahrepps, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 2005 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 510, 4. júní 2004.

Iðnaðarráðuneytinu, 29. nóvember 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Borgarbyggð.

Íbúðarhúslóð í landi Ánabrekku.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir tveimur byggingarreitum undir íbúðarhús og bátaskýli.

Vatnstökusvæði í Grábrókarhrauni.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir um 6 ha vatnstökusvæði í Grábrókarhrauni vestan þjóðveggar nr. 1. Gert er ráð fyrir 3 borholum með yfirbyggingu, dælustöð, vegslóða, plani og lögnum.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreind skipulög.

Deiliskipulögin hafa fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Þau hafa verið yfirfarin af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreindar breytingar á skipulögunum öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 24. nóvember 2004.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður P. Harðarson.